



Dagsetning: 24. maí 2010  
Málsnúmer: 1003045  
Bréfalykill: 1.4

Til bæjarráðs

## TILLAGA

### *um fjölgun sumarstarfa vegna ásóknar í sumurvinnu hjá Fjarðabyggð*

Bæjarráð samþykkir að ráða alla sem sóttu um sumarstarf hjá Fjarðabyggð en fengu ekki störf í gegnum ráðningarferlið, vegna fjölda umsókna. Um er að ræða rúmlega 30 einstaklinga. Lagt er til að 11 einstaklingar 18 ára og eldri verði ráðnir í tengslum við átak vinnumálastofnunar og að rúmlega 20 einstaklingar sem eru 17 ára á árinu verði ráðnir inn á vinnufyrirkomulag vinnuskóla.

Rúmlega 80 umsóknir bárust þegar auglýst voru 29 sumarstörf hjá Fjarðabyggð í vor. Búið er að ganga frá ráðningu í öll störf og munu flestir þeir umsækjendur hefja vinnu í þessari viku. Af þessum 80 umsóknum höfðu um 20 aðilar fengið störf hjá öðrum aðilum og afþökkuðu þar af leiðandi störf hjá Fjarðabyggð.

Lagt er til að árgangur 1993 verði ráðin inn á vinnufyrirkomulag vinnuskóla, þ.e. þeim aðilum verður boðin vinna í 8 vikur. Kostnaður Fjarðabyggðar vegna þess er áætlaður um 10 milljónir. Einnig er lagt til að ráðnir verði 11 aðilar, 18 til 25 ára, í tengslum við átak Vinnumálastofnunar, en áætla má að kostnaður Fjarðabyggðar vegna þess sé um 2,5 til 3 milljónir. Kemur hann til vegna mismunar á atvinnuleysisbótum og lámarkslaunum og svo þarf Fjarðabyggð einnig að standa straum af öllum launatengdum gjöldum.

Eins og þetta er lagt fram þá er verið að leggja til aukningu á launakostnaði Fjarðabyggðar vegna sumarstarfa um 13 milljónir. Undirritaður leggur til að hafður verði sami háttur á og á síðasta ári, þ.e. að hluti þeirra fjármuna sem ætlaðir voru í leiksvæði verði látnir ganga upp í þennan kostnað en það gætu verið um 3 milljónir. Þar að auki myndu stjórnendur Fjarðabyggðar leita eftir því að draga úr kostnaði til að mæta þessari umframkeyrslu, en það sem ekki næst að brúa með því, þarf þá að koma með viðbótaframlagi frá bæjarráði.



Jóhann Ben.  
Jóhann Eðvald Benediktsson